



Heimildaritun

ÍSLE3HE05

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennsluáætlun vorönn 2020

Kennarar:

Guðbjörg Grímsdóttir (GGR)

Katrín Tryggvadóttir (KT)

Áfangalýsing

Áhersla er lögð á að nemendur læri og þjálfist í vinnubrögðum sem tengjast heimildavinnu. Unnin verða fjölbreytt og krefjandi ritunarverkefni og lesnir margs konar textar sem tengjast heimildavinnu. Nemendur verða einnig þjálfaðir í umræðum. Stærsta verkefnið er heimildaritgerð og vörn fyrir hana. Nemendur skulu ávallt mæta með tölvu í kennslustundir.

Markmið áfangans:

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Helstu hugtökum sem tengjast heimildavinnu, s.s. beinni og óbeinni tilvitnun, tilvísun og heimildaskrá.
- Muninum á staðreyndum og ályktunum.
- Muninum á talmáli og ritmáli.
- Muninum á heimildanotkun og ritstuldi.
- Hvaða málsnið hæfir mismunandi efni og aðstæðum.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Skrifa skýran og vel uppbyggðan texta.
- Beita gagnrýninni hugsun við úrvinnslu heimilda.
- Velja stílbrögð sem hæfa efninu.
- Velja og nýta á gagnrýninn hátt þær upplýsingar sem skipta máli í heimildaritun.
- Vega og meta áreiðanleika heimilda.
- Flytja af öryggi og sannfæringarkrafti eigið efni.
- Meta mismunandi sjónarmið og taka sjálfstæða, rökstudda afstöðu.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Skrifa skýran, vel uppbyggðan og grípandi texta.
- Velja viðeigandi ritstíl eftir viðtakendum og aðstæðum.
- Greina forsendur sem geta búið að baki einstökum ályktunum.
- Tjá rökstudda afstöðu, útskýra sjónarmið og taka virkan þátt í málefnalegum umræðum.
- Draga saman aðalatriði úr heimildum þannig að rétt sé með farið í hvívetna.
- Beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta.
- Leiða umfjöllun um viðfangsefni til vel rökstuddrar niðurstöðu.
- Ástunda viðurkennd vinnubrögð í rannsóknarvinnu.

Námsefni: Efni frá kennara.

Námsmat

Áfanginn er án lokaprófs. Allmörg verkefni verða metin til einkunna, auk þess sem ýmis smærri verkefni verða lögð fyrir til að styrkja námið. Varla þarf að taka fram að nemendur eiga að skila öllum verkefnum á tilsettum tíma.

15% Æfingaverkefni

25% Hverjum þætti heimildaritgerðar skilað

40% Heimildaritgerð, lokagerð

20% Vörn heimildaritgerðar

Vinnuáætlun - Heimildaritgerð vor 2020

Vika	Dags.	Hvað á að gera?
2	7.-10. jan.	Kynning áfanga. Upprifjun; bygging efnisgreina og ritgerða. Hugað að efni lokaritgerðar. Tímaritgerð.
3	13.-17. jan.	Heimildaleit og mat á heimildum. Heimildaverkefni.
4	20.-24. jan.	Heimildaleit og tilvísanir. Skráning heimilda í heimildaskrá. Verkefni/próf.
5	27.-31. jan.	Rannsóknarspurningar og tesur. Ritgerðir í Skemmu skoðaðar og unnið verkefni.
6	3.-7. feb.	Ritgerðarefni valið og rannsóknarspurning samin. Drögum að inngangi skilað.
7	10.-14. feb.	Heimildaleit fyrir lokaritgerð. Lista skilað yfir 8 – 10 áreiðanlegar heimildir. Skráðar rétt í heimildaskrá.
8	17.-21. feb. Kátir dagar og flóafár	Ritgerðarvinna, skipulag, lykilsetningar og kaflar. Beinagrind að ritgerð skilað.
9	24.-28. feb. Miðannarmat	Meginmál samið. Tesu skilað (fyrsta hluta meginmáls).
10	2.-6. mars	Meginmál samið. Antitesu skilað (öðrum hluta meginmáls).
11	9.-13. mars	Meginmál, klára að semja. Meginmáli skilað í heild sinni (tesa, antitesa, syntesa).
12	16.-20. mars	Lokaorð samin Syntesu skilað (Lokaorðum skilað).
13	23.-27. mars	Ritstjórnarvinna. Ritgerð skilað.
14	30. mars -3. apríl	Vörn undirbúin. Ritgerðum skilað til nemenda sem breyta og bæta.
15	6.-10. apríl	Páskafri
16	13.-17. apríl kennsla hefst 15.	Varnir. Viðtöl.
17	20.-24. apríl Sumardagurinn fyrsti	Varnir. Viðtöl.
18	27. apríl – 1. maí 1. maí	Varnir. Viðtöl.
19	4.-8. maí	Nemendaviðtöl.

Með von um góða samvinnu.

6. janúar 2020

Íslenskukennarar